

starfsmenn á rekstrarsviði sjá um umsjón með fasteignum, útisvæðum, Bananahúsi og mötuneyti.

Þarfir til framtíðar

Garðyrkja á Íslandi á mikla möguleika til framtíðar, þar sem horft er til nýtingar jarðvarma, aðgengi að landi, hreinu vatni og aukinna tækifæra til útflutnings. Samkvæmt nýútkominni skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands um fæðuöryggi er um 43% af innanlandsmarkaði framleitt á landinu þegar horft er til garðyrkju. Heildarstærð gróðurhúsa í landinu er um 19 ha deilt á um 100 stöðvar (Orkustofnun, 2017), meðalstærð stöðva er því um 0,2 ha (2.000 m²) og stærstu stöðvarnar eru um 1 ha (10.000 m²). Til samanburðar er meðalstærð gróðurhúsa í Hollandi 5 ha og 10 stærstu stöðvarnar eru samtals 500 ha. Á undanförnum misserum hafa nokkrar stöðvar héraendis stækkað umtalsvert, má þar nefna nýja stöð Lambhaga í Mosfellsdal sem er um 7.000 m², stækkun hjá Friðheimum, Espiflöt og Gufuhlíð upp á samtals um 9.000 m² af gróðurhúsum og stækkun gróðurhúsa hjá Varmalandi. Þá er einnig vert að nefna lóðréttu innanhúss ræktun í Reykjavík hjá fyrirtækinu Hárækt. Fyrirséð er að þessi þróun muni halda áfram þar sem stöðvar muni stækka og ekki ólíklegt að einhverjar muni sameinast og einhverjar muni hætta framleiðslu vegna smæðar og/eða skorts á nýliðun.

Rannsóknastaðan í landi Reykja er einstök á heimsmælikvarða þar sem komið hefur verið upp alþjóðlegu samstarfi og tilraunareitum til að meta áhrif loftslagsbreytinga á vistkerfi m.a. með styrkjum frá Evrópusambandinu. Þá er einnig vert að nefna þau tækifæri sem Reykjasvæðið hefur vegna jarðvarmans þar, en áhugi á jarðvarmarannsóknum og þar með möguleikar á fjármögnun verkefna, ekki síst með tilliti til beinnar nýtingar, hefur aukist verulega á undanföllum árum t.d. hjá Evrópusambandinu.

Brýnt er að styðja við framtíðarrannsóknir og nýsköpun á sviði garðyrkju og jarðræktar, styðja við tækniþróun, þekkingaruppbyggingu, ræktun nýrra tegunda og efla matvælaframleiðslu héraendis. Til þess að styðja við þá þróun tók Landbúnaðarháskólinn á síðasta ári þátt í stofnun samstarfsvettvangsins Orkídeu ásamt Landsvirkjun, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Auk þess var samstarfssamningur við Háskólann í Wageningen í Hollandi undirritaður og unnið að umsókn til Evrópusambandsins með Háskólanum í Almería á Spáni. Þessir tveir háskólar eru stærstir á sviði garðyrkju í Evrópu. Þá er ekki síður horft til tækifæra innan umhverfis- og loftslagsrannsókna og þeirrar uppbyggingar sem hefur átt sér stað á undanföllum árum með alþjóðlegum samstarfsverkefnum sem nefnd eru hér að framan.

Til að styðja við framtíðarrannsóknir á þessum sviðum er þörf fyrir neðangreinda uppbyggingu:

- Nýtt rannsóknagróðurhús. Núverandi hús á Reykjum er komið til ára sinna (>20 ára) og stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru til rannsóknagróðurhúsa.
- Rífa þarf „Bygginguna“ sem hefur verið úrskurðuð ónothæf og koma upp nýrri aðstöðu ásamt votrýmisaðstöðu til tilrauna og mælinga, geymslu til að geyma rekstrarvörur, kæli, frysti og þurrkofni.
-

- Hugmyndir hafa verið uppi um að koma upp aðstöðu fyrir nýsköpunarfyrirtæki í samstarfi við Orkídeu og/eða aðra samstarfsaðila til að nýta betur þau tækifæri sem Reykir hafa upp á að bjóða.

Loks er rétt að benda á nauðsyn þess að ljúka framkvæmdum og koma Reykjastaðnum í gott horf, en viðhaldi var verulega ábótavant um langt skeið. Þar er helst að telja:

- Ljúka þarf framkvæmdum við Skálann og tengdar byggingar sem Framkvæmdasýslan hefur haft umsjón með.
- Halda þarf áfram endurbótum á Skólastjórahúsi sem Landbúnaðarháskólinn hefur unnið að á undanfögnu ári.
- Halda þarf áfram endurbótum á Húsi Jónasar frá Hriflu sem Landbúnaðarháskólinn hefur unnið að í samstarfi við Minjastofnun undanfarin tvö ár og finna því framtíðarhlutverk.
- Halda þarf áfram endurbótum á Bananahúsi sem hófst á síðasta ári, en þá fóru fram verulegar endurbætur innanhúss. Verulegra endurbóta er þörf á ytra byrði.
- Yfirfara þarf og rífa gömul gróðurhús sem nýtast ekki lengur.
- Yfirfara þarf gróðursvæði og koma þeim í gott horf, samhliða því sem rekstur eykst yfir sumartímann.